

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/626****2020/EES/16/19****frá 5. mars 2019**

**um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Evrópusambandsins og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar skrár (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 127. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit og aðra eftirlitsstarfsemi sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna inna af hendi til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins, þar með talið m.a. á sviði matvælaöryggis á öllum stigum framleiðslu-, vinnslu- og dreifingarferlisins. Einkum er þar kveðið á um að tiltekin dýr og vörur skuli einungis koma inn í Sambandið frá þriðja landi eða svæði þess sem er að finna í skránni sem framkvæmdastjórnin tekur saman í þessum tilgangi.
- 2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 <sup>(2)</sup> bætir við reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum þeirra til að tryggja að þær uppfylli viðeigandi kröfur, sem komið var á með reglunum sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 (matvælaöryggi), eða kröfur sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim. Þessi skilyrði taka til auðkenningar á dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, sem sú krafa gildir um að þau komi frá þriðja landi eða svæði þess sem er skráð í samræmi við a-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
- 3) Skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið eru teknar saman til að tryggja að farið sé að kröfum um matvælaöryggi, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins (EB) nr. 854/2004 <sup>(3)</sup>, sem verður felld úr gildi frá og með 14. desember 2019 með reglugerð (ESB) 2017/625, og kröfum um heilbrigði dýra í samræmi við 1. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 2002/99/EB <sup>(4)</sup>. Þegar talið var nauðsynlegt að fara að tilskildum kröfum um bæði heilbrigði manna og dýra var mælt fyrir

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjútíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis (Stjútíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206).

<sup>(4)</sup> Tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis (Stjútíð. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11).

um sameiginlegar skrár sem ná yfir báða þættina með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 <sup>(5)</sup>, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 <sup>(6)</sup>, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 <sup>(7)</sup>, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB <sup>(8)</sup>, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/779/EB <sup>(9)</sup> og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 <sup>(10)</sup>.

- 4) Viðbótarskrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra, þaðan sem heimilt er að flytja samlokur, skrápdyr, möttuldýr, sæsnigla og lagarafurðir inn í Sambandið á grundvelli lýðheilsusjónarmiða, voru teknar saman í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/766/EB <sup>(11)</sup> sem var samþykkt skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004.
- 5) Þar eð reglugerð (EB) nr. 854/2004 er felld úr gildi með reglugerð (ESB) 2017/625 frá og með 14. desember 2019 og til þess að vera með eina réttargerð þar sem öll þriðju lönd eða svæði þeirra, sem krafist er að séu á skrá til að koma tiltekinni dýra og vara inn á markað Sambandsins sé leyfð frá matvælaöryggissjónarmiði, eru tekin saman þykir rétt að mæla fyrir um skrár yfir þessi dýr og vörur í þessari reglugerð.
- 6) Þar eð samræður í tengslum við innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 <sup>(12)</sup> standa yfir að því er varðar kröfur um skráningar þriðju landa eða svæða þeirra vegna komu tiltekinnna afurða úr dýraríkinu inn í Sambandið, af ástæðum sem varða heilbrigði dýra, er einnig rétt að leggja fram skrár yfir þessar afurðir úr dýraríkinu með því að mæla fyrir um millivísanir í gildandi skrár, af ástæðum sem varða heilbrigði dýra, til að koma í veg fyrir að skrár verði tvíteknar. Þessar skrár voru teknar saman á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 854/2004 og tilskipunar 2002/99/EB að fenginni beiðni frá hlutaðeigandi þriðju löndum. Til þess að komast í þessar skrár lögðu lögbær yfirvöld þriðju landanna fram viðeigandi ábyrgðir, einkum að því er varðar fylgni við matvælaöryggisráðgjöf Sambandsins eða samræmi við sambærileg ákvæði og hvernig skipulagi lögbærra yfirvalda í þriðja landinu er háttað. Endurmat á samræmi við þessi skilyrði í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625 er því ekki nauðsynlegt.
- 7) Rétt þykir að viðhalda sameiginlegum skráum, að því er varðar reglugerð (ESB) 2017/625 í tengslum við matvæli og matvælaöryggi, og skráum sem fyrir eru sem mælt er fyrir um af ástæðum sem varða heilbrigði dýra, og að viðhalda samþættri nálgun með því að skrá þriðju lönd og svæði þeirra einungis ef áætlun um eftirlit með efnaleifum hefur verið samþykkt í samræmi við tilskipun ráðsins 96/23/EB <sup>(13)</sup>, þegar við á.
- 8) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 <sup>(14)</sup> er mælt fyrir um kröfur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja sem flytja inn afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir. Þar er einkum kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja inn afurðir úr dýraríkinu frá þriðju löndum eða svæðum þeirra, eigi að tryggja að þriðja landið, sem er sendingarland, sé á skrá yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur á slíkum afurðum er leyfður.

<sup>(5)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 frá 28. apríl 2016 um skrá yfir þriðju lönd, hluta þriðju landa og yfirráðasvæði þaðan sem aðildarríkin skulu heimila aðflutning til Sambandsins á tilteknum afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manndis, um að mæla fyrir um kröfur um vottorð, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og um niðurfellingu á ákvörðun 2003/812/EB (Stjtið. ESB L 126, 14.5.2016, bls. 13).

<sup>(6)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).

<sup>(7)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 frá 9. febrúar 2009 um skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra fyrir innflutning til Bandalagins eða umflutning um Bandalagið á kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alíkaninum og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 12).

<sup>(8)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB frá 29. nóvember 2007 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og fyrirmyndir að vottorðum vegna innflutnings frá þriðju löndum á tilteknum kjötafurðum og meðhöndluðum mögum, þvagblöðrum og þörmum til manndis og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/432/EB (Stjtið. ESB L 312, 30.11.2007, bls. 49).

<sup>(9)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/779/EB frá 31. október 2003 um dýraheilbrigðiskröfur og útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings á dýragörnum frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 285, 1.11.2003, bls. 38).

<sup>(10)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 frá 2. júlí 2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrámjólk og mjólkurafurðum til manndis (Stjtið. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 1).

<sup>(11)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/766/EB frá 6. nóvember 2006 um skrár yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem innflutningur á samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum, sæsniglum og lagarafurðum er leyfður frá (Stjtið. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 53).

<sup>(12)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1).

<sup>(13)</sup> Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

<sup>(14)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

- 9) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/185 <sup>(15)</sup> er kveðið á um umbreytingarráðstafanir til að veita undanþágur frá innflutningsskilyrðum, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 og gilda um tiltekna afurðir úr dýraríkinu, sem gilda til 31. desember 2020.
- 10) Af þessum sökum verður taka saman viðbótarskrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra, í síðasta lagi áður en umbreytingarráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/185 falla úr gildi, til að koma í veg fyrir truflun á komu sendinga af þessum afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið. Einkum ætti að taka saman skrár yfir brædda dýrafitu og hamsa, skriðdýrakjöt, skordýr og garnir.
- 11) Matvæli sem samanstanda af, eru einangruð úr eða framleidd úr skordýrum eða hlutum þeirra, þ.m.t. lifandi skordýr, falla undir leyfi fyrir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 <sup>(16)</sup>. Rétt þykir að taka saman skrá fyrir þessa vöruflokka.
- 12) Áður en umbreytingarráðstafanirnar, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/185, falla úr gildi er nauðsynlegt að taka saman skrár yfir afurðir úr dýraríkinu, aðrar en þær sem mælt er fyrir um sérstakar skrár fyrir í þessari reglugerð, til að koma í veg fyrir að komu þegar innfluttra afurða úr dýraríkinu, sem eru nauðsynlegar fyrir evrópska stjórnendur matvælaframleiðingara, inn í Sambandið sé teft í tvísýnu.
- 13) Umbreytingarráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/185 fyrir tiltekna afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir, voru innleiddar vegna þess að afurðirnar skapa litla áhættu fyrir heilbrigði manna vegna þess að mjög lítils magns er neytt eða vegna þess að við framleiðslu afurðanna er áhætta fyrir heilbrigði manna útilokuð að mestu. Því er óhóflegt að krefjast allra sannana og ábyrgða frá þriðju löndum í samræmi við 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625.
- 14) Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um skrár og fella þær brott úr framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 og ákvörðun 2006/766/EB. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2016/759 til samræmis við það og fella ákvörðun 2006/766/EB úr gildi.
- 15) Þar eð reglugerð (ESB) 2017/625 gildir frá og með 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.
- 16) Skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra, sem hafa heimild til að koma með sendingar af görnum inn í Sambandið á grundvelli dýraheilbrigðisástands, verða einungis teknar saman frá og með 21. apríl 2021 í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/429. Rétt þykir að skráin yfir þriðju lönd eða svæði þeirra, þaðan sem koma sendinga af görnum, sem eru ætlaðar til manneðis, inn í Sambandið er leyfð, gildi einungis frá og með sömu dagsetningu. Því ætti að framlengja gildistíma umbreytingarráðstafana, sem veita undanþágur að því er varðar lýðheilsukröfur, vegna komu sendinga af görnum inn í Sambandið til 20. apríl 2021.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Efni og gildissvið**

Þessi reglugerð varðar skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra þaðan sem leyfa skal komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneðis, inn í Sambandið frá matvælaöryggissjónarmiði í samræmi við a-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

<sup>(15)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/185 frá 2. febrúar 2017 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar tiltekinnar ákvæða reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjttíð. ESB L 29, 3.2.2017, bls. 21).

<sup>(16)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 (Stjttíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1).

## 2. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „nýtt kjöt“: nýtt kjöt eins og það er skilgreint í lið 1.10 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 2) „unnar kjötvörur“: unnar kjötvörur eins og þær eru skilgreindar í lið 1.15 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 3) „kjöt“: kjöt eins og það er skilgreint í lið 1.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 4) „alífuglar“: alífuglar eins og þeir eru skilgreindir í lið 1.3 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 5) „villt veiðidýr“: villt veiðidýr eins og þau eru skilgreind í lið 1.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 6) „egg“: egg eins og þau eru skilgreind í lið 5.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 7) „eggjaafurðir“: eggjaafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 7.3 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 8) „kjötafurðir“: kjötafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 7.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 9) „meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og þarmar“: meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og þarmar eins og þau eru skilgreind í lið 7.9 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 10) „samlokur“: samlokur eins og þær eru skilgreindar í lið 2.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 11) „lagarafurðir“: lagarafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 3.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 12) „hrámjólk“: hrámjólk eins og hún er skilgreind í lið 4.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 13) „mjólkurafurðir“: mjólkurafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 7.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 14) „broddur“: broddur eins og hann er skilgreindur í 1. lið IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 15) „afurðir, að stofni til úr broddi“: afurðir, að stofni til úr broddi, eins og þær eru skilgreindar í 2. lið IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 16) „froskalappir“: froskalappir eins og þær eru skilgreindar í lið 6.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 17) „sniglar“: sniglar eins og þeir eru skilgreindir í lið 6.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 18) „brædd dýrafita“: brædd dýrafita eins og hún er skilgreind í lið 7.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 19) „hamsar“: hamsar eins og þeir eru skilgreindir í lið 7.6 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 20) „gelatín“: gelatín eins og það er skilgreint í lið 7.7 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 21) „kollagen“: kollagen eins og það er skilgreint í lið 7.8 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 22) „hunang“: hunang eins og það er skilgreint í 1. lið IX. hluta II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 <sup>(17)</sup>,
- 23) „býræktarafurðir“: býræktarafurðir eins og þær eru skilgreindar í 2. lið IX. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013,
- 24) „skriðdýrakjöt“: skriðdýrakjöt eins og það er skilgreint í 16. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/625,
- 25) „skordýr“: skordýr eins og þau eru skilgreind í 17. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/625.

<sup>(17)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

*3. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn nýtt kjöt og unnar kjötvörur úr hóf- og klaufdýrum til Sambandsins**

Koma sendinga af nýju kjöti og unnum kjötvörum af hóf- og klaufdýrum, sem eru ætluð til mannelis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra þaðan sem innflutningur til Sambandsins, í samræmi við a-lið 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 206/2010, er leyfður.

*4. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn kjöt af alifuglum, strútfuglum og villtum veiðifuglum, unnar kjötvörur úr alifuglum, egg og eggjaafurðir til Sambandsins**

Koma sendinga af kjöti af alifuglum, strútfuglum og villtum veiðifuglum, unnum kjötvörum úr alifuglum, eggjum og eggjaafurðum, sem eru ætluð til mannelis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra þaðan sem innflutningur til Sambandsins, í samræmi við 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008<sup>(18)</sup>, er leyfður.

*5. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn kjöt af villtum dýrum af héraætt, villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum og dýrum af héraætt, og alíkaninum til Sambandsins**

Koma sendinga af kjöti af villtum dýrum af héraætt, villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum og dýrum af héraætt, og alíkaninum, sem er ætlað til mannelis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra þaðan sem innflutningur til Sambandsins, í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 119/2009, er leyfður.

*6. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn kjötafurðir og meðhöndlaða maga, þvagblöðrur og þarma, aðra en garnir, til Sambandsins**

Koma sendinga af kjötafurðum og meðhöndluðum mögum, þvagblöðrum og þörmum, öðrum en görnum, sem eru ætluð til mannelis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra þaðan sem innflutningur til Sambandsins, í samræmi við b-lið 3. gr. ákvörðunar 2007/777/EB, er leyfður.

Þó skal koma sendinga af biltong-/jerky-kjöti og gerilsneyddum kjötafurðum, sem eru ætluð til mannelis, inn í Sambandið einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra þaðan sem innflutningur til Sambandsins, í samræmi við 3. hluta II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB, er leyfður.

*7. gr.***Þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn garnir til Sambandsins**

Koma sendinga af görnum, sem eru ætlaðar til mannelis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra þaðan sem innflutningur til Sambandsins, í samræmi við 1. gr. ákvörðunar 2003/779/EB, er leyfður.

<sup>(18)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjórið. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

*8. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn lifandi, kældar, frystar eða unnar samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla til Sambandsins**

Koma sendinga af lifandi, kældum, frystum eða unnum samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í I. viðauka. Þó skal einnig heimila innflutning á dráttarvöðvum, sem eru algjörlega aðskildir frá innyflum og kynkirtlum, úr diskum, sem ekki eru lagareldisdýr, inn í Sambandið frá þriðju löndum sem ekki koma fram í slíkri skrá.

*9. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn lagarafurðir, aðrar en þær sem um getur í 8. gr., til Sambandsins**

Koma sendinga af lagarafurðum, öðrum en þeim sem um getur í 8. gr., sem eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í II. viðauka.

*10. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af hrámjólk, broddi, mjólkurafurðum og afurðum, að stofni til úr broddi, til Sambandsins**

Koma sendinga af hrámjólk, broddi, mjólkurafurðum og afurðum, að stofni til úr broddi, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra þáðan sem innflutningur til Sambandsins, í samræmi við 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 605/2010, er leyfður.

*11. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn froskalappir til Sambandsins**

Koma sendinga af froskalöppum, sem eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í III. viðauka.

*12. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn snigla, sem eru tilreiddir í samræmi við XI. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, til Sambandsins**

Koma sendinga af sniglum sem eru tilreiddir í samræmi við XI. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, sem eru ætlaðir til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í III. viðauka við þessa reglugerð.

*13. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn brædda dýrafitu og hamsa til Sambandsins**

Koma sendinga af bræddri dýrafitu og hömsum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra þáðan sem innflutningur á kjötafurðum til Sambandsins, í samræmi við i. lið b-liðar 3. gr. ákvörðunar 2007/777/EB, er leyfður.

*14. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn gelatín og kollagen til Sambandsins**

1. Koma sendinga af gelatíni og kollageni úr nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og dýrum af hestaætt, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra þaðan sem innflutningur á sendingum af nýju kjöti af viðkomandi hóf- og klaufdýrum til Sambandsins er leyfður, í samræmi við a-lið 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 206/2010, eða frá Suður-Kóreu, Malasíu, Pakistan eða Taívan.
2. Koma sendinga af gelatíni og kollageni úr alifuglum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra, sem eru skráð í 1. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem innflutningur á alifuglakjöti af viðkomandi tegundum er leyfður eins og tilgreint er í þeim hluta viðaukans, eða frá Taívan.
3. Koma sendinga af gelatíni og kollageni úr lagarafurðum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í II. viðauka.
4. Koma sendinga af gelatíni og kollageni úr dýrum af héraætt og villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í 1. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009.

*15. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn hráefni til framleiðslu á gelatíni og kollageni til Sambandsins**

1. Koma sendinga af hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og dýrum af hestaætt, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra þaðan sem innflutningur til Sambandsins á sendingum af nýju kjöti af viðkomandi hóf- og klaufdýrum, í samræmi við a-lið 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 206/2010, er leyfður.
2. Koma sendinga af hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr alifuglum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem innflutningur á alifuglakjöti af viðkomandi tegundum er leyfður eins og tilgreint er í þeim hluta viðaukans.
3. Koma sendinga af hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr lagarafurðum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í II. viðauka.
4. Koma sendinga af hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr dýrum af héraætt og villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í 1. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009.

*16. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn meðhöndluð hráefni til framleiðslu á gelatíni og kollageni til Sambandsins**

1. Koma sendinga af meðhöndluðum hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og dýrum af hestaætt, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í 1. dálki töflunnar í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 eða frá Suður-Kóreu, Malasíu, Pakistan eða Taívan.

2. Koma sendinga af meðhöndluðum hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr alifuglum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í 1. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 eða frá Taívan.
3. Koma sendinga af meðhöndluðum hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr lagarafurðum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í II. viðauka.
4. Koma sendinga af meðhöndluðum hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr dýrum af héraætt og villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í 1. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009.
5. Koma sendinga af meðhöndluðum hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni, sem um getur í iii. lið b-liðar 4. liðar I. kafla XIV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra þáðan sem innflutningur hráefna úr þessum vörum er leyfður í samræmi við 15. gr. þessarar reglugerðar.

17. gr.

**Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn hunang og aðrar býræktarafurðir til Sambandsins**

Koma sendinga af hunangi og öðrum býræktarafurðum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í dálkinum „Land“ í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB <sup>(19)</sup> og merkt með „X“ í dálkinum „Hunang“ í þeim viðauka.

18. gr.

**Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tilteknar, mikið unnar afurðir til Sambandsins**

Koma sendinga af mikið unnu kondróttínsúlfati, mikið unninni hýalúrónsýru, mikið unnum öðrum vatnsrofnum brjóskafurðum, mikið unnu kítósani, mikið unnu glúkósamíni, mikið unnum ostahleypi, mikið unnu fiskilími og mikið unnum amínósýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá eftirtöldum þriðju löndum eða svæðum þeirra:

1. ef um er að ræða hráefni úr hóf- og klaufdýrum: þriðju löndum sem eru skráð í 1. dálki töflunnar í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 eða frá Suður-Kóreu, Malasíu, Pakistan eða Taívan,
2. ef um er að ræða hráefni úr lagarafurðum: öllum þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í II. viðauka,
3. ef um er að ræða hráefni úr alifuglum: þriðju löndum og/eða yfirráðasvæðum sem eru skráð í 1. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008.

19. gr.

**Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn skriðdýrakjöt til Sambandsins**

Koma sendinga af skriðdýrakjöti, sem er ætlað til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá Sviss <sup>(20)</sup>, Botsvana, Víetnam, Suður-Afríku eða Zimbabve.

<sup>(19)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB frá 16. mars 2011 um samþykki fyrir áætlunum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við 29. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB (Stjtið. ESB L 70, 17.3.2011, bls. 40).

<sup>(20)</sup> Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. ESB L 114, 30.4.2002, bls. 132).



*20. gr.***Þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn skordýr til Sambandsins**

Koma sendinga af skordýrum, sem eru ætluð til mannelis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef slík matvæli eru upprunnin í og send frá þriðja landi eða svæði þess þaðan sem skordýr hafa verið leyfð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og er skráð í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(21)</sup>.

*21. gr.***Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn aðrar afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins**

Koma sendinga af afurðum úr dýraríkinu, öðrum en þeim sem um getur í 3. og 20. gr., sem eru ætlaðar til mannelis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá eftirtöldum þriðju löndum eða svæðum þeirra:

1. ef þær eru úr hóf- og klaufdýrum: þriðju löndum sem eru skráð í 1. dálki töflunnar í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 eða frá Suður-Kóreu, Malasíu, Pakistan eða Taívan,
2. ef þær eru úr alifuglum: þriðju löndum sem eru skráð í 1. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 eða frá Taívan,
3. ef þær eru úr lagarafurðum: þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í II. viðauka,
4. ef þær eru úr dýrum af héraætt og úr villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum: þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í 1. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009,
5. ef þær eru úr öðrum tegundum: þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í 1. til 4. lið þessarar greinar að því er varðar hverja afurð úr dýraríkinu.

*22. gr.***Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 1. gr. falla brott.
2. Ákvæði I. viðauka falla brott.

*23. gr.***Niðurfelling**

Ákvörðun 2006/766/EB er felld úr gildi. Líta ber á tilvísanir í ákvörðun 2006/766/EB sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka við þessa reglugerð.

*24. gr.***Umbreytingarákvæði**

Aðildarríkin skulu, til 20. apríl 2021, áfram heimila komu sendinga af görnnum, sem um getur í 7. gr., inn á yfirráðasvæði sín frá þriðju löndum eða svæðum þeirra þaðan sem innflutningur á slíkum sendingum til Sambandsins er leyfður í samræmi við 1. gr. ákvörðunar 2003/779/EB.

<sup>(21)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjttíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

25. gr.

**Gildistaka og beiting**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

**SKRÁ YFIR ÞRÍÐJU LÖND EÐA SVÆÐI ÞEIRRA ÞAÐAN SEM INNFLUTNINGUR TIL SAMBANDSINS Á LIFANDI, KÆLDUM, FRYSTUM EÐA UNNUM SAMLOKUM, SKRÁPDÝRUM, MÖTTULDÝRUM OG SÆSNIGLUM, SEM ERU ÆTLUÐ TIL MANNELDIS, ER LEYFÐUR <sup>(1)</sup>**

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRÍÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	ATHUGASEMDIR
AU	Ástralía	
CA	Kanada	
CH	Sviss <sup>(2)</sup>	
CL	Chile (Síle)	
GL	Grænland	
JM	Jamaíka	Einungis sæsniglar
JP	Japan	Einungis frystar eða unnar samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsniglar
KR	Suður-Kórea	Einungis frystar eða unnar samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsniglar
MA	Marokkó	Með unnum samlokum af tegundinni <i>Acanthocardia tuberculatum</i> verður að fylgja: a) viðbótarheilbrigðisvottun í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í B-hluta V. viðbætur við VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 (Stj.íð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27), og b) greiningarniðurstöður prófana sem sýna fram á að lindýrin innihaldi ekki lamandi skelfiskseitur í magni sem er greinanlegt með lífgreiningaraðferð.
NZ	Nýja-Sjáland	
PE	Perú	Einungis slægðir <i>Pectinidae</i> (diskar) úr lagareldi
TH	Taíland	Einungis frystar eða unnar samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsniglar
TN	Túnis	
TR	Tyrkland	
US	Bandaríkin	Washington State og Massachusetts
UY	Úrúgvæ	
VN	Víetnam	Einungis frystar eða unnar samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsniglar

(1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/62 frá 17. janúar 2018 um að skipta út I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (Stj.íð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

(2) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stj.íð. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

## II. VIÐAUKI

## SKRÁ YFIR ÞRÍÐJU LÖND EÐA SVÆÐI ÞEIRRA ÞAÐAN SEM INNFLUTNINGUR TIL SAMBANDSINS Á LAGARAFURÐUM, ÖÐRUM EN ÞEIM SEM FALLA UNDIR I. VIÐAUKA, ER LEYFÐUR

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRÍÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	TAKMARKANIR
AE	Sameinuðu arabísku furstadæmin	
AG	Antígva og Barbúða	Einungis lifandi humar
AL	Albanía	
AM	Armenía	Einungis lifandi villtir vatnakrabbar, hitameðhöndlaðir vatnakrabbar sem eru ekki eldisdýr og frystir vatnakrabbar sem eru ekki eldisdýr
AO	Angóla	
AR	Argentína	
AU	Ástralía	
AZ	Aserbaísjan	Einungis kavíar
BA	Bosnía og Hersegóvína	
BD	Bangladess	
BJ	Benín	
BN	Brúnei	Einungis lagareldisafurðir
BR	Brasilía	
BQ	Bonaire, Sankti Estatíusey, Saba	
BS	Bahamaeyjar	
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)	
BZ	Belís	
CA	Kanada	
CG	Kongó	Einungis lagarafurðir sem eru veiddar, slægðar (eftir því sem við á), frystar og pakkaðar í endanlegar umbúðir á hafi úti
CH	Sviss (!)	
CI	Fílabeinsströndin	
CL	Chile (Síle)	
CN	Kína	
CO	Kólumbía	
CR	Costa Rica	
CU	Kúba	
CV	Grænhöfðaeyjar	

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	TAKMARKANIR
CW	Curaçao	
DZ	Alsír	
EC	Ekvador	
EG	Egyptaland	
ER	Eritrea	
FJ	Fíji	
FK	Falklandseyjar	
GA	Gabon	
GD	Grenada	
GE	Georgía	
GH	Gana	
GL	Grænland	
GM	Gambía	
GN	Gínea	Einungis fiskur sem ekki hefur verið tilreiddur eða unninn á annan hátt en með hausun, slægingu, kælingu eða frýstingu. Lægri tíðni eftirlits með ástandi, sem kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB (Stjúd. EB L 158, 25.6.1994, bls. 41), skal ekki beitt.
GT	Gvatemala	
GY	Gvæjana	
HK	Hong Kong	
HN	Hondúras	
ID	Indónesía	
IL	Ísrael	
IN	Indland	
IR	Íran	
JM	Jamaíka	
JP	Japan	
KE	Kenya	
KI	Lýðveldið Kíríbatí	
KR	Suður-Kórea	
KZ	Kasakstan	

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	TAKMARKANIR
LK	Srí Lanka	
MA	Marokkó	
MD	Lýðveldið Moldóva	Einungis kavíar
ME	Montenegró (Svartfjallaland)	
MG	Madagaskar	
MK	Norður-Makedónía	
MM	Myanmar (Mjanmar)	
MR	Máritanía	
MU	Máritíus	
MV	Maldívur	
MX	Mexíkó	
MY	Malasía	
MZ	Mósambík	
NA	Namibía	
NC	Nýja-Kaledónía	
NG	Nígería	
NI	Níkaragva	
NZ	Nýja-Sjáland	
OM	Óman	
PA	Panama	
PE	Perú	
PF	Franska Pólýnesía	
PG	Papúa Nýja-Gínea	
PH	Filippseyjar	
PM	Sankti Pierre og Miquelon	
PK	Pakistan	
RS	Serbía Að Kósovó undanskildu, í skilningi ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244 frá 10. júní 1999	
RU	Rússland	

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	TAKMARKANIR
Staðalaðferðin (SA)	Sádi-Arabía	
SB	Salómonseyjar	
SC	Seychelles-eyjar	
SG	Singapúr	
SH	Sankti Helena Að undanskildum eyjunum Tristan de Cunha og Ascension	
	Tristan de Cunha Að undanskildum eyjunum Sankti Helenu og Ascension	Einungis humar (nýr eða frystur)
SN	Senegal	
SR	Súrínám	
SV	El Salvador	
SX	Sankti Martin	
TG	Tógó	
TH	Taíland	
TN	Túnis	
TR	Tyrkland	
TW	Taívan	
TZ	Tansanía	
UA	Úkraína	
UG	Úganda	
US	Bandaríkin	
UY	Úrúgvæ	
VE	Venesúela	
VN	Víetnam	
YE	Jemen	
ZA	Suður-Afríka	
ZW	Zimbabve	

(1) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjúd. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

## III. VIÐAUKI

**SKRÁ YFIR ÞRIÐJU LÖND EÐA SVÆÐI ÞEIRRA ÞAÐAN SEM INNFLUTNINGUR TIL SAMBANDSINS Á FROSKALÖPPUM OG SNIGLUM SEM ERU TILREIDD Í SAMRÆMI VIÐ XI. ÞÁTT III. VIÐAUKA VIÐ REGLUGERÐ (EB) NR. 853/2004, SEM ERU ÆTLUÐ TIL MANNELDIS, ER LEYFÐUR**

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	TAKMARKANIR
AE	Sameinuðu arabísku furstadæmin	
AL	Albanía	
AO	Angóla	
AR	Argentína	
AU	Ástralía	
AZ	Aserbaísjan	
BA	Bosnía og Hersegóvína	
BD	Bangladess	
BJ	Benín	
BR	Brasilía	
BQ	Bonaire, Sankti ESTATÍUSEY, Saba	
BS	Bahamaeyjar	
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)	
BZ	Belís	
CA	Kanada	
CH	Sviss (!)	
CI	Fílabeinsströndin	
CL	Chile (Síle)	
CN	Kína	
CO	Kólumbía	
CR	Costa Rica	
CU	Kúba	
CV	Grænhöfðaeypjar	
CW	Curaçao	
DZ	Alsír	
EC	Ekvador	
EG	Egyptaland	



ISO-KÓÐI LANDS	ÞRÍÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	TAKMARKANIR
ER	Eritrea	
FJ	Fíjví	
FK	Falklandseyjar	
GA	Gabon	
GD	Grenada	
GE	Georgía	
GH	Gana	
GL	Grænland	
GM	Gambía	
GT	Gvatemala	
GY	Gvæjana	
HK	Hong Kong	
HN	Hondúras	
ID	Indónesía	
IL	Ísrael	
IN	Indland	
IR	Íran	
JM	Jamaíka	
JP	Japan	
KE	Kenya	
KI	Lýðveldið Kíríbatí	
KR	Suður-Kórea	
KZ	Kasakstan	
LK	Srí Lanka	
MA	Marokkó	
MD	Lýðveldið Moldóva	Einungis sniglar
ME	Montenegro (Svartfjallaland)	
MG	Madagaskar	
MK	Norður-Makedónía	
MM	Myanmar (Mjanmar)	
MR	Máritanía	

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	TAKMARKANIR
MU	Máritíus	
MV	Maldívur	
MX	Mexíkó	
MY	Malasía	
MZ	Mósambík	
NA	Namibía	
NC	Nýja-Kaledónía	
NG	Nígería	
NI	Níkaragva	
NZ	Nýja-Sjáland	
OM	Óman	
PA	Panama	
PE	Perú	
PF	Franska Pólýnesía	
PG	Papúa Nýja-Gínea	
PH	Filippseyjar	
PM	Sankti Pierre og Miquelon	
PK	Pakistan	
RS	Serbía Að Kósovó undanskildu, í skilningi ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244 frá 10. júní 1999	
RU	Rússland	
SA	Sádi-Arabía	
SB	Salómonseyjar	
SC	Seychelles-eyjar	
SG	Singapúr	
SH	Sankti Helena Að undanskildum eyjunum Tristan de Cunha og Ascension	
SN	Senegal	
SR	Súrínam	
SV	El Salvador	

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	TAKMARKANIR
SX	Sankti Martin	
SY	Sýrland	Einungis sniglar
TG	Tógó	
TH	Taíland	
TN	Túnis	
TR	Tyrkland	
TW	Taívan	
TZ	Tansanía	
UA	Úkraína	
UG	Úganda	
US	Bandaríkin	
UY	Úrúgvæ	
VE	Venesúela	
VN	Víetnam	
YE	Jemen	
ZA	Suður-Afríka	
ZW	Zimbabwe	

(1) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjóð. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

## IV. VIÐAUKI

## SAMSVÖRUNARTAFLA SEM UM GETUR Í 23. GR.

Ákvörðun 2006/766/EB	Þessi reglugerð
1. gr.	8. gr.
2. gr.	9. gr.
3. gr.	—
4. gr.	—
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki